Rými og orka

Myndlist

Eiríkur Þorláksson

Helsta viðfangsefni höggmyndalistarinnar á þessari öld hefur verið rýmishugtakið. Rýmið með öllum sínum jákvæðu og neikvæðu eiginleikum er óendanlegt viðfangsefni; hvernig form fylla það, hvernig það umlykur hluti og hvernig það tengir saman ólíkustu þætti umhverfisins. Jafnframt því sem fleiri óhlutbundin fyrirbæri tilverunnar hafa orðið efniviður í höggmyndir, hefur höggmyndin orðið frjálsari og lausbeislaðri; varla er hægt að tala um nein ríkjandi stíleinkenni eða ákveðnar stefnur höggmyndalistar lengur, heldur frekar úrvinnslu hugtaka og þeirra viðfangsefna sem menn taka sér fyrir hendur. Og í raun er einnig villandi að tala um höggmyndir, því að þetta íslenska orð gefur í skyn að mynd sé numin úr föstu efni (t.d. stein eða tré) með því að höggva burt það sem verða vill þar til eftir stendur aðeins sú mynd sem listamaðurinn sækist eftir. Nær er að notast við hið alþjóðlega orð skúlptúr, sem þá nær yfir öll verk unnin í þrívídd, eða ágætt nýyrði, rýmisverk.


Þessi atriði er vert að hafa í huga þegar gengið er inn í vesturssal Kjarvalsstaða, þar sem nú stendur sýning Kristins E. Hrafnssonar, sem hann nefnir „Staðir". Kristinn er ungur maður, sem hefur leitað sér góðrar menntunar á sínu sviði hér heima og í Þýskalandi, þar sem hann var í námi hjá einum fremsta skúlptúrista Evrópu á síðari hluta aldarinnar, Eduardo Paolozzi (sem reyndar er fæddur í Skotlandi af ítölsku foreldri). Paolozzi hefur lagt mikla áherslu á bakgrunn listaverksins, þ.e. að það búi að kjarna, sem sé settur fram á rökrænan hátt; öll listaverk fjalli því um eitthvað, en séu ekki aðeins sköpuð sjálfs sín vegna.

Kristinn fylgir þessu viðhorfi vel fram í verkunum á sýningunni. Þarna getur að líta alls ellefu verk, þar sem listamaðurinn bregður ljósi á samspil efnis og rýmis, og á hvern hátt efni getur tengst orku og tímahugtakinu. Öll verkin byggjast á járni, en auk þess koma önnur efni svo og litir við sögu. Yfirskrift og einstakir titlar tengja síðan heildina saman.

Verkin eru misjafnlega stór umfangs og því missterk fyrir augað. Rýmishugtakið kemur ef til vill sterkast fram í „Rek" (nr. 1) þar sem óregluleg formin á gólfinu benda til landreksins, en mælingastangirnar eru síðan fastsettar allt um kring til að mæla það rými, sem dregst saman eða þenst út vegna reksins. Þarna er tilurð Íslands sýnd í hnotskurn. — Í hugum landsmanna er orka einkum nefnd í sambandi við virkjanir vatns eða jarðvarma, og því er augljóst að hér fjalla verk eins og „Krafla" (nr. 2) og jafnvel „Sog" (nr. 3) um þetta fyrirbæri. Hinir stóru, kyrru fletir í gólfverkinu eru einkar góð vísbending til hinnar kyrru orku, sem getur brotist fram úr iðrum jarðar. Hinir máluðu hlutar í verkinu „Stöð" (nr. 4) eru síðan lífleg tilvísun til þess hvernig orkan er virkjuð í þágu mannsins.

Rýmisverkin, einkum „Staðir (fyrir Heidegger)" eru nokkuð beinar hugleiðingar um samvirkni skúlptúrs og umhverfisins, þar sem litir gegna nokkru hlutverki sem áhersluþáttur. Áhugi Kristins á þessu viðfangsefni er augljós, en nýtur sín ef til vill betur í stærri verkunum.

Það þarf að ætla sér nokkuð góðan tíma til að ganga umhverfis verkin og á milli þeirra, og til að njóta þeirra sem best þarf að loka frá sér önnur áhrif en þau sem verða numin inni í salnum. Því miður á sýningin sér erfiðan nágranna hvað þetta varðar, þar sem er sýning Sæmundar Valdimarssonar; þar eru hins vegar viðfangsefnin gjörólík og mælikvarðar því aðrir. Ef menn hafa þetta í huga og skipta um við dyrnar, er ekki að efa að tök Kristins á rými og orku komast vel til skila hér.




Kristinn E. Hrafnsson: Rek. Járn og mælingastangir. 1990.

Hamingja annars heims

Einhvern veginn er það svo, að hvað sem öllum straumum og stefnum líður þá er maðurinn og tilvera hans alltaf það viðfangsefni í myndlistinni sem heillar meginþorra listunnenda mest, og flestir listamenn takast á við það efni fyrr eða síðar. Sumir fjalla um raunveruleikann, bjartan eða nöturlegan, allt eftir því sem lífsviðhorf þeirra segja til um, en aðrir leggja til annan heim, þar sem ímyndunaraflið ræður ríkjum, og örlög manna byggjast á þeirra eigin framlagi til lífshamingjunnar.

Því er þetta nefnt hér, að það ríkir einstök hamingja yfir því fólki sem birtist á sýningu Sæmundar Valdimarssonar, „Fjörumenn", á vesturgangi Kjarvalsstaða. Sæmundur ber titilinn alþýðulistamaður með sóma; hann vann sína launavinnu fulla starfsævi, og tók ekki að fitla við myndlist fyrr en eftir fimmtugt. Síðan hefur þetta aukist stig af stigi, og fyrir um áratug tók hann að tálga út þær stóru kynjaverur, sem nú bera hróður hans sem víðast. Hann hélt sína fyrstu einkasýningu 65 ára að aldri og hefur sýnt árlega síðan, jafnvel erlendis, auk þess að taka þátt í samsýningum. Sæmundur er því enn eitt lifandi dæmið um að listin á sér engin aldursmörk, og að sköpunargleðin fylgir manninum alla tíð.

Mannverurnar á sýningunni eru allar gerðar úr rekavið, sem Sæmundur fær af Reykjanesi og af Ströndum. Þær koma því úr drumbum, sem hefur rekið langa leið áður en þeir komust í hendur listamannsins. Fólkið sem hann skapar heyrir einnig til



Sæmundur Valdimarsson: Hafmey. 1990

öðrum heimi, þar sem áhyggjur og kvíði er ekki til staðar; slíkt er annarra. Hér ríkir hamingja, kímni og ef til vill barnsleg forvitni; tilveran er örugg, frjósöm, vernduð og kyrrstæð. Frjósemistáknin eru alls staðar í líkamsformunum, sem eru þrýstin og sterkleg, jafnt karla sem kvenna. Það öryggi og vernd sem kemur fram í þessum tilbúna heimi er best greint í þeim tví-verum, sem Sæmundur skapar á svo eðlilegan hátt; „Unga kynslóðin" (nr. 2) er samvaxin, og „Samhyggð" (nr. 3) er tvíhöfða líkami. Aðrar verur sýna þetta í sakleysi fáránleikans; t.d. er vafasamt að Ikarus hafi farið langt á jafn veikbyggðum vængjum og maðurinn í „Sólþrá" (nr. 8) – en ef til vill mun bjartsýnin bera þennan alla leið.

Sæmundur tálgar og sker út úr sjóblautum viðardrumbum, og gerir það vel og vandlega. Fígúrurnar koma handleggjalausar út úr þeim, sem skiljanlegt er, en virka fullkomlega heillegar þrátt fyrir það. Listamaðurinn bætir litlu við; stundum er það lítið eitt af málningu (t.d. fyrir augu og munn), stundum skýlur úr þara eða fiskroði, og skrautlegur höfuðbúnaður virðist heilla. Þessu er þó sjaldan ofgert, en gefur skemmtilegan svip; þannig er „Bæninn" (nr. 5) geislandi, og „Bláa lónið" (nr. 10) örugglega blátt. Út frá þessu má ætla, að Sæmundur hafi orðið gott vald á verkfærum sínum, og sé reiðubúinn til að takast á við hvaða verk sem hann kýs sér í tré.

Aðalfengur sýningar Sæmundar Valdimarssonar er samt sem áður tilfinningalegs eðlis. Áhorfendur nema þá hamingju sem þessi verk hafa gefið skapara sínum; hún skín út úr hverju andliti og hverjum líkama. Þetta verður til þess að áhorfendur brosa á móti, og ganga um ánægðir með lífið. Flestir vilja eignast hlut í þessari hamingju á einn eða annan hátt, það er augljóst nú þegar af þeim viðtökum sem sýningin hefur fengið; það er ekki oft sem sölusýningar eru nærri uppseldar eftir fyrstu helgina, en sú er raunin hér.

Sýning Sæmundar stendur til sunnudagsins 30. september.



Morgunblaðið/Þorkell

Kristján Fr. Guðmundsson sýnir 10 verk í veitingastofunni Birninum.

Kristján Fr. Guðmundsson sýnir í Birninum

KRISTJÁN Fr. Guðmundsson heldur málverkasýningu í veitingastofunni Birninum, Njálsgötu 49.

Sýnir hann þar 10 verk unnin með olíu og vatnslitum. Á sýningunni er m.a. eftirprentun eftir Kristján af Fremra-Hálsi í Kjós.

Menningar- og söguhátíðir í Reykjavík:

Vænlegast að íbúar hverfanna hafi frumkvæðið

- segja borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokks

BORGARSTJÓRN Reykjavíkur vísaði frá tillögu Kristínar Á. Ólafsdóttur um að borgin hafi frumkvæði að menningar- og söguhátíðum í hverfum borgarinnar. Katrín Fjeldsted, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokks sagði að vænlegast væri, að íbúar hverfanna sjálfra hefðu frumkvæði að slíkum hátíðarhöldum og til greina kæmi, að borginn styddi slíkt.

Katrín flutti frávísunartillögu frá borgarfulltrúum Sjálfstæðisflokksins, þar sem sagði meðal annars, að vel mætti vera, að áhugavert væri að kynna mannlíf og sögu ýmissa hverfa í Reykjavík sérstaklega, til dæmis á vegum Árbæjarsafns eða annarra borgarstofnana. Vænlegast væri þó, að íbúar hverfa hefðu sjálfir frumkvæði að hátíðarhöldum í hverfum sínum og fyrir því væru fordæmi. Til greina kæmi, að borgin veitti stuðning sinn, væri þess óskað.

Má bjóða þér örlitla sýru?

sebamed

Rétt sýrustig pH 5.5 Heilbrigð húð

Tillagan er algjörlega raunhæf, því hvort sem þú veist það eða ekki, þá er húð þín nú þegar þakin þunnu náttúrulegu sýrulagi, sem sebamed *verndar og viðheldur.*

Sýrulagið er fyrsta vörn húðarinnar gegn bakteríum, sveppum, vírusum og eyðileggingaráhrifum frá loftslagi.

Sýrulagið hefur pH-gildið 5.5, sem er einmitt það sama og pH-gildi sebamed *léttsápunnar.*

sebamed *léttsápan er því sérstaklega mild og góð fyrir þá, sem ekki þola venjulega sápu, þvo sér oft, hafa óhreina húð eða þá, sem vilja vernda húðina og heilbrigði hennar.*

sebamed *léttsápan er fáanleg í föstu og fljótandi formi.*

sebamed *léttsápan er þykk og freyðir hæfilega.*

Ilmurinn af sebamed *er bæði mildur og þægilegur.*

sebamed *fæst í apótekinu.*

